

**Mættir:**

Siggeir F. Ævarsson (bæjarskrifstofa) - formaður

Daníel Júlíusson (grunnskóli)

Halldóra Halldórsdóttir (grunnskóli)

Ólafur S. Hafsteinsson (Miðgarður og Túngata)

Þórhildur Ósk Ólafsdóttir (leikskóli)

Álfheiður Guðmundsdóttir (íþróttamiðstöð)

Hjalti Guðmundsson (þjónustumiðstöð)

**1. Vinnuverndarnámskeið**

Álfheiður og Þórhildur fara á vinnuverndarnámskeið í Reykjanesbæ í næstu viku, 16. og 17. mars. Þá hafa allir nefndarmenn setið námskeiðið.

**2. Skipun nefndarinnar**

Nefndin ítrekar að það sé frekar óheppilegt fyrirkomulag að slökkviliðið eigi engan fulltrúa annan en Hjalta sem þekkir málefni þeirra lítið. Sömuleiðis er ekki nógu gott að Miðgarður og Túngata eigi sama fulltrúann þar sem að starfsemi þeirra skarast lítið og starfsmaður á annarri stöðinni þekkir hina illa. Nefndin óskar eftir því að skipun í hana verði endurskoðuð með tilliti til þessara sjónarmiða.

**3. Hjartastuðtæki**

Vísað í fundargerð 12. fundar um hjartastuðtækjavæðingu stofnana bæjarins til ársins 2020 sem og fundargerð 15. fundar þar sem nefndin lagði til að öll tækin yrðu keypt á þessu ári. Nefndin felur formanni að kanna afdrif hjartastuðtækjanna í fjárhagsáætlun ársins.

**Fleira ekki bókað, næsti fundur ákveðinn 19. apríl**

**Fundi slitið 14:15**